

# ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS

14.06.2021 (#4 2021-2022)

Mættir eru **Hákon Hrafn Sigurðsson, Valerie Maier**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Jón Ágúst Gunnlaugsson, Guðbjörg Jónsdóttir og Rún Friðriksdóttir**

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt. Vilji er fyrir að opinbera allar fundargerðir frá þessu tímabili. Rætt var að tryggja þyrfti vernd persónuupplýsinga. Rætt að hafa fundargerð en bóka trúnaðarupplýsingar í sérstaka trúnaðarbók.

## 2. Keppnissumar og Kjósapraut

Nú hefur tveim keppnum verið aflýst/frestað:

- Sprettpraut 3SH átti að vera 30.5. en var frestað til 4.7. vegna veðurs
- Laugarvatnspraut átti að vera 13.6. en var aflýst vegna veðurs, ný dagsetning liggur ekki fyrir.  
Hugmynd að dagsetningu er 10/11.7. eða bjóða Ægir Kjósa dagsetninguna 15. 8., mögulega of seint vegna miklu gróðurs í Laugarvatn  
Samþykkt að hafa samband við Ægir til að heyra hvað staðan er

Í framtíðina er mælt með að hafa keppni á laugardegi, til þess að geta haft sunnudaginn sem varadag. Mikilvægt er að tryggja þann sveigjanleika sem kostur er á.

## 3. Heimsmeistaramót í Edmonton

Mótinu var aflýst. Fram er lögð fyrirspurn frá Sædís um að fara á annað mót. t.d. Valencia (European triathlon championship) sem haldið er þann 25.-27. september eða Bermuda (World Triathlon Sprint & Relay Champions) í október. Mikill áhugi frá ca 10 manns að fara út fyrir Íslands hönd, jákvætt að hafa þessa auglýsingu.  
Samþykkt að fara til Valencia ef áhugi er fyrir því. Mikilvægt að auglýsa almennt og hafa open water experience kröfur. Þar sem engin keppni í open water var haldin, væri líka hægt að félagin/þjálfari gæfi græn ljós á það að viðkomandi getur synt í open water  
Búningsmál voru rætt, hvenær má keppa í landsliðsbúningi? Ráðlagt frá því að styðja við kaup á búning, allavega þangað til það sé alveg skýr hver og hvenær má keppa í því

## 4. Guðlaug Edda og áframhaldandi stuðningur

Greint er frá stöðu Guðlaugar Eddu og þeim möguleikum sem hún stendur frammi fyrir. Ían verður áfram þjálfari hennar og stendur með henni í gegnum bataferli. Ákveðin verður að hafa fund með henni sem fyrst til að ræða áframhald.

## 5. Önnur mál

- Nýi landsliðbúningurinn er samþykktur af World Triathlon og verður birt frétt um það á heimasíðu ÞRÍ.
- Lagt fram erindi til ÞRÍ vegna stöðu Diðriks Stefánssonar sem aðstoðardómara í mögulegum keppnum á tímabilinu. Hákon Hrafn vísar af fundi við þennan dagskrárlið. Núverandi stjórn er að mestu vanhæf til að taka þetta má fyrir vegna fyrri aðkomu. Ákveðin hefur verið að fela öðrum erindið til afgreiðslu og rýna sérstaklega í það hvort erindið eigi undir valdsvið ÞRÍ eða einstakra keppnishaldara.

**Fundi slitið klukkan 19:15**